

Alþingi – nefndasvið
b.t. velferðarnefndar

Reykjavík, 15. febrúar 2024

Efni: **Viðbótarumsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027, 584. mál**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti svaraði umsögn minni í minnisblaði til velferðarnefndar þann 13. febrúar.

Í minnisblaðinu stendur meðal annars:

„Það er mat ráðuneytisins að ekki sé ástæða til viðbragða vegna umsagnarinnar enda lýtur hún fyrst og fremst að málefnum barna sem eiga tvö heimili. Ábendingum verður komið á framfæri við framkvæmd aðgerða eins og við á.“

Skoðum fyrstu setninguna betur.

„Það er mat ráðuneytisins að ekki sé ástæða til viðbragða vegna umsagnarinnar enda lýtur hún fyrst og fremst að málefnum barna sem eiga tvö heimili.“

Börn með fötlun eru fötluð óháð sambandsstöðu foreldra. Það er staðreynd. Réttindi barnanna í lögum ætti að vera það sama miðað við fötlun þeirra en ekki miðað við sambandsstöðu foreldra. Það er mjög einkennileg nálgun að taka þennan hóp barna og ætla sér, með ásetningi, að veita þeim lakari réttindi og stuðning, eins og viljinn virðist vera.

Nýlega fóru hátt í 100.000 konur í verkfall til að krefjast þess að feður, einnig feður sem búa ekki með barnsmæðrum sínum, taki meiri þátt í umönnun barna sinna. Til þess að þetta markmið nái fram að ganga þá þarf viðhorfsbreytingu og það þarf að tryggja bæði réttindi barnanna til stuðnings og þátttöku beggja foreldra í umönnun barna ef þeir vilja og geta. Þess vegna þarf að minnst sérstaklega á þennan hóp barna og foreldra í framkvæmdaáætluninni.

Skoðum síðari setninguna betur.

„Ábendingum verður komið á framfæri við framkvæmd aðgerða eins og við á.“

Aldrei hefur verið hugsað til stöðu barna sem búa á tveimur heimilum við undirbúning lagasetninga á síðustu árum.

Ríkisendurskoðun gerði úttekt á innleiðingu og framkvæmd á lögum 38/2018¹. Í skýrslunni er ekki einu orði minnst á þennan hóp barna og foreldra. Ekki er athugað hvort þau séu að fá þjónustu, hvort leiðbeiningar sveitarfélaga séu til staðar eða verklagsreglur sem nái til beggja heimila.

Í frumvarpi til laga 38/2018 er ekki fjallað um stöðu barna sem búa á tveimur heimilum og foreldra þeirra². Í framkvæmd laga voru réttindi, stuðningur og þjónusta aðeins veitt lögheimilisforeldri.

¹ <https://www.rikisend.is/skyrslur/nanar?id=944>

² <https://www.althingi.is/altext/148/s/0026.html>

Fötluð börn fengu þar af leiðandi ekki þann stuðning sem lögin áttu að tryggja. Um þetta hefur GEF(Nú GEV) úrskurðað.

Í frumvarpi til laga 28/2021 um skipta búsetu barna var ekkert fjallað um stöðu fatlaðra barna³. Það var aðeins fyrir mínar ábendingar að eitthvað var um það rætt. Börn með fötlun sem búa á tveimur heimilum njóta ekki enn sömu réttindi og önnur börn, þrátt fyrir að foreldrar hafi samið um skipta búsetu.

Í frumvarpi til laga 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er ekkert fjallað um stöðu fatlaðra barna sem búa á tveimur heimilum⁴. Ráðuneytið sagði að frumvarp yrði lagt fram í framtíðinni sem næði til þeirra. Ekkert frumvarp hefur verið lagt fram til að leiðrétta stöðu þessara barna.

Mennta- og barnamálaráðuneytið getur ekki sagt foreldrum fatlaðra barna hver staða þeirra er eða hver réttindi þeirra eru.

Dómsmálaráðuneytið getur ekki heldur sagt foreldrum fatlaðra barna hver staða þeirra er eða hver réttindi þeirra eru.

Reykjavíkurborg, sem veitir fötluðum börnum og foreldrum þeirra stuðning skv. lögum 38/2018 og farsældarlögum, getur ekki heldur sagt foreldrum hver réttindi barnanna og foreldranna eru.

Reykjavíkurborg benti á nokkrar heimasíður og eiga foreldrar sjálfir að finna út hver réttindi þeirra eru. Heimasíðurnar eru:

www.bofs.is sem vísar á www.farsaeldbarna.is. Á þessu vefsvæði er ekkert fjallað um réttindi eða stöðu barna sem búa á tveimur heimilum eða foreldra þeirra.

<https://www.althingi.is/lagas/153c/2021086.html> Lög um samþættingu þjónustu í þágu barna 86/2021. Á þessu vefsvæði er ekkert fjallað um réttindi eða stöðu barna sem búa á tveimur heimilum eða foreldra þeirra.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html> Barnalög 76/2003. Á þessu vefsvæði er ekkert fjallað um réttindi eða stöðu barna sem búa á tveimur heimilum eða foreldra þeirra.

og

<https://island.is/reglugerdir/nr/0897-2009> um miðlun og meðferð upplýsinga í grunnskólum. Á þessu vefsvæði er ekkert fjallað um réttindi eða stöðu barna sem búa á tveimur heimilum eða foreldra þeirra.

Í Skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018⁵ er ekki fjallað með beinum hætti um stöðu barna sem búa á tveimur heimilum. Þar er þó lagt til að:

- í lögin verði sett sérstök grein um rétt barnsins til að alast upp með fjölskyldu sinni og njóta þjónustu í nærumhverfi.
- tryggt sé í reglugerð að þjónusta, hjálpartæki og upplýsingar fylgi ávallt barninu.
- Í þeim tiltölulega fáu tilvikum þegar tvö sveitarfélög koma að þjónustu við fatlað barn er lagt til að kveðið verði á um ábyrgð hvors sveitarfélags fyrir sig í einstaklingsbundinni

³ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/151/11/?ltg=151&mnr=11>

⁴ <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/151/354/?ltg=151&mnr=354>

⁵ <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2022/05/06/Skyrsla-starfshops-um-heildarskodun-laga-um-thjonustu-vid-fatlad-folk-med-langvarandi-studningstharfir/>

Þjónustuáætlun en við skipta búsetu fatlaðra barna skal ávallt tryggja að unnin sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir barnið á grundvelli samkomulags á milli sveitarfélaganna.

Skýrslan er gefin út 6. maí 2022. Ekkert af þessum ábendingum starfshópsins hefur verið framkvæmd.

Það er ljóst að það er ekki nóg að koma ábendingum á framfæri. Það er nauðsynlegt að gera þennan hóp sýnilegan með því að minnst sérstaklega á hann í bæði lögum og sérstaklega í þessari þingsályktun.

Ef það er vilji Alþingis að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nái til allra þá þarf að minnst á þennan hóp.

Það er ykkar val hvort réttindin séu algild eða sértæk, eins og framkvæmd laganna eru í dag.

Ef þið óskið þá er ég reiðubúinn að mæta á fund til að útskýra umsögnina og svara öllum þeim spurningum sem þið kunnið að hafa.

Virðingarfyllt,

Lúðvík Júlíusson